



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu
í Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar
í tilefni vígslu Héðinsfjarðarganga
2. október 2010**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Endurrit af upptöku.*

Ágætu heimamenn
Ráðherrar
Alþingismenn
Sveitarstjórnarfólk
Þið öll sem komið hafið að þessu góða verki á undanförunum árum

Hjartanlega til hamingju með þennan merka áfanga, ekki aðeins í sögu byggðarlaganna heldur einkum og sér í lagi í sögu íslenskrar þjóðar. Það er svo sannarlega við hæfi að við skulum vera komin saman svo mörg hér íþróttahúsinu til þess að fagna. Mannvirkið eitt og sér er ekki kjarni þess sem gerst hefur hér í dag heldur þau þáttaskil sem það boðar fyrir byggðarlögin, fyrir menningu og mannlíf, skólahald, félagsstarfsemi og alla framtíð þessara byggðarlaga.

Fyrir okkur sem ólumst upp á landsbyggðinni og þekktum þá veröld þegar samgöngur lokuðust á haustin og ekki var hægt að fara aftur milli fjarðanna fyrr en að vori, þá eru þessi þáttaskil sérstaklega hrífandi. Þau snerta strengi í okkar brjósti vegna þess að uppeldið í fjörðunum hefur fylgt okkur alla ævi. Við trúðum því aldrei að það væri hægt að skapa aðra veröld með því að fara í gegnum fjöllin.

Þrátt fyrir áföll og erfiðleika þjóðarinnar, þrátt fyrir baráttuna á undanförunum áratugum, þá hefur okkur samt sem áður miðað svo að við erum hér í dag að fagna stærsta samgöngumannvirki Íslendinga.

Mig langar til að biðja ykkur öll að fagna því með langvinnu og sterku lófataki.

Héðinsfjarðargöngin eru ekki aðeins áfangi fyrir ykkur heimafólkið, byggðarlögin, þau eru líka mikilvægur áfangi fyrir íslenska þjóð, fyrir fólkið vítt og breitt um landið allt.

Héðinsfjarðargöngin opna okkur nýja framtíð, ný tækifæri til þess að njóta landsins, fyrir fjölskyldurnar til að koma hingað í heimsókn, og sérstaklega fyrir þær þúsundir Íslendinga sunnan heiða, á höfuðborgarsvæðinu, sem vilja njóta útivistar og vetraríþróttar og geta nú komið hingað til ykkar, sem – og ég segi það sem gamall Ísfirðingur – eruð svo lánsöm að hafa snjóinn langt fram á vor, til að fara í fjöllin, til þess að njóta útivistar og þeirrar paradísar sem með þessum göngum hefur verið opnuð.

Það hefur stundum verið rætt um Héðinsfjarðargöngin á þann hátt að þau séu eingöngu fyrir ykkur. Þess vegna vil ég segja hér í dag: Þau eru fyrir þjóðina alla; ekki síst fyrir fólkið á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum byggðum landsins sem nú getur sótt ykkur heim með börn sín og ættmenni og notið þeirrar paradísar, vetrarparadísar, sem hér er að finna.

Þau bjóða líka heim nýjum tímum. Hundruð þúsundir erlenda gesta hafa í vaxandi mæli orðið burðarás í útflutningstekjum okkar Íslendinga; í atvinnulífi og efnahagskerfi. Þessi dagur er gleðidagur í efnahagslífi Íslendinga, fyrir ferðaþjónustuna og fyrir þá viðburðarríku lífshætti sem fjölskyldur vítt og breitt um landið allt vilja temja sér.

Hér er ekki aðeins verið að fagna samgöngumannvirki. Hér er verið að fagna nýrri framtíð fyrir mannlíf á Íslandi, fyrir þjóðinni, fyrir menninguna, fyrir heilbrigða lífshætti, nýjum tækifærum í atvinnusköpun og menningu.

Auðvitað hvílir það fyrst og fremst á ykkur heimamönnum að nýta þessi tækifæri, til að sjá í þessum atburði bjartari framtíð, til þess að veita unga fólkinu sem hér elst upp trú á byggðarlögin og gleðjast yfir því að eiga hér rætur milli fjallanna, í fjörðum sem í hugum landsmanna hafa stundum verið fjarri og einangraðir en eru nú komnir í miðdepil samgöngukerfis Íslendinga.

Þetta er mikil gleðistund. Fyrir hönd Íslendinga allra vil ég þakka öllum sem komu að þessu verki á þeim tuttugu árum eða svo sem liðin eru síðan undirbúningurinn hófst. Þakka þeim sem hér störfuðu lengi við að fara í gegn um fjöllin, en umfram allt þakka þeim sem þrátt fyrir andstreymi höfðu þá trú á þessu verki að þeir tryggðu með baráttu og óbilandi festu að það kæmist í höfn.

Í því fellst líka ákveðinn vegvísir um að gefast ekki upp, að sækja fram til nýrrar tíðar. Á vegamótum sem við erum nú á sem þjóð þá eru líka mikilvæg skilaboð í því fólgin fyrir alla Íslendinga. Þjóð sem getur komið slíku í verk hún á sér góða framtíð ef við berum gæfu til að standa saman.